

HLUTHAFAFUNDUR
SORPURÐUNAR VESTURLANDS



Sorpurðun Vesturlands

HJÁLMAKLETTI BORGBYGGÐ
7. SEPTEMBER 2020

DAGSKRÁ

HLUTHAFAFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HALDINN Í HJÁLMAKLETTI BORGARBYGGÐ

Mánudagur 7. september 2020

Dagskrá

1. Hrefna B. Jónsdóttir, framvæmdarstjóri Sorpurðunar Vesturlands
Kynning í máli og myndum um starfsemina í Fíflholtum
2. Kristinn Jónasson, stjórnarformaður Sorpurðunar Vesturlands
Fer yfir stöðuna og hvaða leiðir eru færar í úrgangsmálum á Vesturlandi
3. Teitur Gunnarsson, efnaverkfræðingur hjá Mannviti
Teitur hefur komið að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs fyrir SV-hornið og stýrir því þeirri vinnu í samvinnu við samráðsnefnd sorpsamlaganna á SV-horninu.
4. Fyrirspurnir og umræða

FULLTRÚAR HLUTHAFA, STARFSMENN & GESTIR

AKRANES

Sævar Freyr Þráinsson, bærarstjóri

BORGARBYGGÐ

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Kristján Sturluson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Atli Svansson, sveitarstjórnarfulltrúi

GRUNDARFJARÐARBÆR

Björg Ágústsdóttir, bærarstjóri

HELGAFELLSSVEIT

Guðrún Reynisdóttir, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Björgvin Helgason, oddviti

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Björn H. Hilmarsson, forseti bærarstjórnar

STYKKISHÓLMSBÆR

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri

STJÓRN

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður
Eyjólfur Ingvi Bjarnason, stjórnarmaður
Finnbogi Leifsson, stjórnarmaður
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, stjórnarmaður
Karitas Jónsdóttir, stjórnarmaður
Sævar Jónsson, stjórnarmaður
Unnur Þóra Sigurðardóttir, stjórnarmaður

STARFSMENN OG GESTIR

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri
Páll S. Brynjarsson, fundarstjóri
Svala Svavarsdóttir, fundarritari
Teitur Gunnarsson, efnaverkfr. frá Mannviti

AÐRIR FULLTRÚAR HLUTHAFA

Bogi Kristinsson, Hvalfjarðarsveit
Daníel Ottesen, Hvalfjarðarsveit
Guðjón Jónasson, Hvalfjarðarsveit
Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbær
Hrafnhildur Hallvarðsd., Stykkishólmsbær
Júníana Björg Óttarsdóttir, Snæfellsbær
Lárus Á. Hannesson, Stykkishólmsbær
Lilja Björg Ágústsdóttir, Borgarbyggð
Pétur Davíðsson, Skorradalshreppur

FUNDARSETNING

Kristinn Jónasson formaður stjórnar bauð fundarmenn hjartanlega velkomna. Hann stakk upp á Páli Brynjarssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.

Páll tók við fundarstjórn og byrjaði á því að stinga upp á Svölu Svavarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Páll tilkynnti að kjörbréf frá öllum eigendum hefðu skilað sér og að fundurinn sé löglegur. Páll tilkynnti jafnframt að fundinum yrði skipt í tvo hluta. Í fyrri hluta verða þrjú erindi frá eftirfarandi aðilum: Hrefna Bryndís Jónsdóttir framkvæmdarstjóri, Kristinn Jónasson stjórnarformaður og Teitur Gunnarsson efnaverkfræðingur hjá Mannviti. Þá verður tekið fundarhlé og í seinni hlutanum verður opnað á fyrirspurnir og umræður.

1. ERINDI HREFNA BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR FRAMKVÆMDARSTJÓRI

Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf. hóf sína kynningu á því að sýna yfirlitsmynd frá urðunarsvæði Fíflholta sem sýnir ásýnd svæðisins 5. sept sl. og kynnti um leið athafnasvæði urðunarsvæðisins fyrir fundarmönnum. Kvikmyndafélag Borgarfjarðar sá um myndatöku með dróna. Einnig fór framkvæmdastjóri yfir þær aðgerðir sem farið hefur verið í frá árinu 2019, uppsetning girðinga sem hindra eiga fok af svæðinu, viðmið við lokun svæðis vegna hvassviðris sem lækkað var úr 20 m/sek niður í 18, skógrækt, malbiksframkvæmdir við vigtarplan og vélaskemmu o.fl. Sumarstarfsmaður hefði verið við störf nú annað sumarið í röð auk verktaka sem búa í nágrenni Fíflholta og kallað er til í verkefni er þurfa þykir.

2. ERINDI KRISTINN JÓNASSON STJÓRNARFORMAÐUR

Í upphafi máls síns rakti Kristinn stuttlega hlutverk Sorpurðunar Vesturlands og aðdraganda að stofnun félagsins. Sveitarfélögin voru sammála um að eiga samstarf um urðun og stofna með sér félag. Eftir nokkra skoðun voru Fíflholt valin sem urðunarstaður og jörðin keypt. Engin skylda er að koma með úrgang í Fíflholt. Sorpurðun hefur ekkert með ákvörðunarvald í hverju sveitarfélagi að gera. Þau eru frjáls að velja þær leiðir sem hentar. Félagið er einfaldlega að reka urðunarstað sem er sameiginleg lausn sem sveitarfélögin ákváðu að fara í lok síðustu aldar og sagði Kristinn það hafa verið heillaspor að sveitarfélögin á Vesturlandi skyldu hafa farið í það verkefni og eiga í dag Fíflholt. Stjórn er í meginatriðum sammála um hvert félagið stefnir til framtíðar. Sótt var um stækkun á starfsleyfi urðunarstaðarins upp í 25 þús. tonn 2019 og gerði Borgarbyggð ekki athugasemd þá en hefur núna lýst yfir andstöðu. Kristinn tók það sérstaklega fram að það skipti afar miklu máli að eiga gott samstarf við Borgarbyggð sem fer með skipulagsvaldið. Kristinn ræddi nauðsyn góðs samstarfs við Borgarbyggð og milli allra sveitarfélaganna sem eiga félagið. Finna yrði lausn sem allir yrðu sáttir við. Stjórn væri að vinna að því að finna lausnir til framtíðar litið og það yrði ekki gert nema með sátt. Kristinn

sagði frá að á höfuðborgarsvæðinu er áætlað að heimilissorp sé einungis um 13% af þeim úrgangi sem til fellur. Hlutfall heimilissorps er trúlega heldur hærra úti á landsbyggðinni. Annað sorp telst til atvinnulífs og nefndi hann byggingaframkvæmdir sérstaklega því sú atvinnugrein á það til að sveiflast verulega eftir árferði og þar sem magn úrgangs frá þeim.

Kristinn ræddi hugsanlegar leiðir sem færar eru í úrgangsmálum á Vesturlandi.

Hvaða leiðir eru færar í úrgangsmálum á Vesturlandi?

Í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er skýrt kveðið á um að sveitarfélögin eru ábyrg fyrir málaflokknum á Íslandi. Sorpurðun Vesturlands hefur verið að skoða m.a. þær leiðir sem nefndar eru hér að neðan.

Lífrænn úrgangur

a. Lífrænn úrgangur

- Skiptimarkaður
- Vinna lífrænt í Fíflholtum
- Lífrænn úrgangur unninn af verktökum.

b. Dýrahæ

- Brennd í brennsluofni í Fíflholtum eða samið verði við aðra um að taka við þeim

Brennsla

- Ein stór brennslustöð fyrir landið
- Útflutningur (mögulega í gegnum verktaka)

Efling flokkunar

- Kynningarmál eflid til aukinnar flokkunar
- Hertari reglur við söfnun
- Sveitarfélög nýti enn frekar leiðir í gegnum Úrvinnslusjóð

Vestfirðir

Móttöku frá Vestfjörðum verði hætt? 3.161 tonn barst árið 2019 (með mesta móti)

Framkvæmdir / Endurbætur í Fíflholtum

Stækkun gassöfnunarkerfis í rein númer fjögur kostn. 6 – 10 m.kr.
Hefja þarf framkvæmdir við nýja urðunarrein. Kostn: 200 m.kr. +
Endurnýjun troðara 85 m.kr.

Framtíð Sorpurðunar Vesturlands hf.

- Áframhaldandi rekstur og þá hvernig ?
- Sameining við sorpsamlög SV-hornsins
- Gjaldskrá Sorpurðunar
- Útboð

Það að opna nýjan urðunarstað er ekki auðveld vinna. Leyfi og rannsóknir kosta háar fjárhæðir og því eru verðmæti Fíflholta mikil . ,

Kristinn kallaði eftir því hvaða leið eigendur vilja fara til framtíðar.

Stjórn mun vinna eftir því sem meirihluti eiganda ákveður burt sé frá því hvaða leiðir verða valdar. Ef það er ekki nein af þeim leiðum sem stjórn hefur tekið saman hér að ofan taldi Kristinn það ekki vandamál.

3. TEITUR GUNNARSSON EFNAVERKFRÆÐINGUR HJÁ MANNVITI

Teitur fór yfir undirbúning aðgerða og uppfærslu áætlunar allt frá árinu 2006 að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi. Sveitarfélag þarf að fara með sína umhverfisstefnu í umhverfismat ef þeir eru ekki með í svæðisáætlun. Hann sagði ekki alla átta sig á því.

Fór m.a. yfir hvað það hvað nágrannar í Evrópu eru að gera, þróun í Svíþjóð og gagnlega punkta til íhugunar fyrir fundarmenn. Síðasta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi kom út árið 2009 og gildir út árið 2020. Endurskoðun áætlunarinnar hófst árið 2017 og átti að ljúka 2019. Vinnan varð stopp í lokaáfangi verkefnisins vegna ýmissa aðstæðna sem upp komu. Gaija, gas- og jarðgerðarstöð en forflokkun fer fram í Gufunesi. Sorpbrennslustöð þyrfti að hafa með í þeim lausnum sem bíða framtíðarinnar hvort sem hún yrði reist hérlendis eða úrgangur yrði fluttur út til brennslu.

Power point kynning Teits Gunnarssonar fylgir fundargerði í viðhengi.

Páll þakkaði Teiti fyrir sitt erindi og gerði kaffihlé.

4. Fyrirspurnir og umræður

Eftir stutt kaffihlé var orðið gefið laust. Eftirtaldir fundarmenn tóku til máls; Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Lárus Hannesson, Sævar Freyr Þráinsson, Jakob B. Jakobsson, Hrefna B. Jónsdóttir, Kristján Sturluson, Lilja B. Ágústsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Finnbogi Leifsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Pétur Davíðsson, Teitur Gunnarsson og Kristinn Jónasson.

Í máli fundarmanna kom fram að það væri afar mikilvægt að halda fund sem þennan þar sem eigendur fyrirtækisins gætu ráðið ráðum sínum og horft til framtíðar. Miklar breytingar eru í farvatninu varðandi meðhöndlun og urðun úrgangs sem bregðast þarf við.

Nokkur umræða varð um minnisblað sem ráðgjafafyrirtækið UMÍS tók saman fyrir Stykkishólmsbæ þar sem farið var yfir stöðu úrgangsmála á Vesturlandi, þær breytingar sem eru í farvatninu í úrgangsmálum af hálfu löggjafans sem og hjá sveitarfélögunum og lagt mat á nokkrar af þeim leiðum sem hafa verið til umræðu á Vesturlandi varðandi meðhöndlun úrgangs. Í

minnisblaðinu er vitnað til sammingsdraga á milli Sorpurðunar Vesturlands og Sorpu um mögulegan flutning á lífrænum úrgangi af Vesturlandi í jarðgerðgerðarstöð Sorpu og urðun á óvirkum úrgangi frá Sorpu í Fíflholtum. Í máli framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands kom fram að ekkert hefur verið unnið frekar með sammingsdrögin frá því að þau voru kynnt í nóvember s.l. enda litið svo á að þau væru fyrsta innlegg í frekara samtal aðila.

Nokkrir fundarmanna ræddu um mikilvægi þess að félagið myndi setja sér eigendastefnu og endurskoða stjórnhætti með tilliti til samskipta við eigendur og upplýsingamála, auk þess sem að samþykktir fyrirtækisins séu orðnar 12 ára gamlar. Fram kom að í skýrslu sem ber heitið Grænt bókhald og unnin hefur verið árlega frá 2003 er að finna mjög greinargóðar upplýsingar um starfsemi Sorpurðunar.

Töluverða umræða varð um urðunarstaðinn í Fíflholtum. Tekið var undir að þær ráðstafanir sem gripið var til í fyrra vegna foks hefðu skilað góðum árangri. Eftir sem áður hefur borið á óánægju nágretta Fíflholta og mikilvægt væri að halda áfram að vinna að úrbótum.

Upp úr stóð í máli fundarmanna mikilvægi þess að ráðast nú þegar í stefnumótum fyrir meðhöndlun sorps á Vesturlandi. Umræða varð um hvernig skyldi standa að þeirri vinnu. Sævar Freyr Þráinsson lagði fram tillögu að ályktun um stefnumótunarvinnu undir forustu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands sem hann óskaði eftir að fundurinn myndi taka til umræðu. Tillaga Sævars fékk góð viðbrögð fundarmanna.

Kristinn Jónasson formaður fór í lokin yfir umræðuna og þakkaði fundarmönnum góða og gagnlega umræðu. Mikilvægt væri að fulltrúar sveitarfélaganna ættu góð samskipti um þessi mál og sagðist þess fullviss eftir þessa umræðu að Vestlendingar beri gæfu til þess að vinna vel saman í úrgangsmálum.

4. TILLAGA

Fundarstjóri kynnti að samkvæmt 13 gr. samþykkt Sorpurðunar Vesturlands beri að kynna tillögur sem bera á upp á hluthafafundi eigi skemur en 7 dögum fyrir fund. Unnt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef allir hluthafar samþykkja það.

Fundarstjóri bar upp við fulltrúa hvort þeir samþykktu að borin yrði upp áðurnefnd tillaga frá Sævari Frey Þráinssyni fyrir þennan fund. **Samþykkt samhljóða.**

Þá var tillögu frá Sævar Frey Þráinssyni varpað upp og hún rædd. Eftir umræðu og breytingar á orðalagi var tillagan borin upp til atkvæða.

Tillaga fyrir hlutahafafund í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf.

„Hluthafafundur Sorpurðunar Vesturlands haldin 07.09 2020 samþykkir að fela stjórn Sorpurðunar Vesturlands að vinna langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi. Stefnan nái til næstu 12 ára eða lengur.

Stefnan skal unnin í ljósi þarfagreiningar allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Sorpurðun Vesturlands. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins tilnefna hvert um sig einn fulltrúa til samráðs til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni með stjórn.

Staðfesta skal stefnuna á hluthafafundi í Sorpurðun Vesturlands, að undangenginni kynningu fyrir eigendum, þegar hún liggur fyrir. „

Tillagan var samþykkt samhljóða

Ekki voru tekin fyrir fleiri mál. Páll þakkaði fundarstjóra og fundamönnum fyrir góðan fund og sleit fundi 17:25.